



Tíska



Elva Bjartey í afslöppuðum klæðnaði, hvítri peysu við ljósbláar gallabuxur og með svart leðurbelti til að móta mjaðmirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

EINSTAKT
KOLLAGEN
RAKAKREM

GEFUR GÓÐA
NÆRINGU OG
MIKINN RAKA



Fæst í flestum apótekum, Heilsuver,
www.lyfja.is og www.heilsanheim.is

Líður best í síðum sumarkjól á heitum degi

Reykvíska mærin Elva Bjartey Aðalsteinsdóttir og kærastinn hennar, Tómas Welding, deila einlægri ást á tónlist. Þau dvelja löngum stundum í stúdíóinu við tónlistarsköpun og gáfu á dögunum út dansvænt lag um klofna ást. ➔2

Framhald af forsiðu ➔

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Tíska og útlit er mér hugleikið flesta daga. Ég hef gaman af því að setja saman eitthvað fint til að fara í og upplifa sjálfsöruggi í lúkkinu en ég er sennilega ekkert öðruvísi en aðrir þegar kemur að því að eiga daga þar sem ég nenni ekkert að leggja vinnu í útlitið,“ segir Elva Bjartey sem er tvtug og starfar í World Class Laugum.

Hún lýsir eigin fatastíl sem stíl-hreinum og einstökum á sinn hátt. „Ég vil að stíllinn minn gefi til kynna að ég sé ófeimin, afslöppuð og sjálfsörugg. Hann á stundum til að vera hávær og áberandi en mér þykja þægindi mikilvæg þegar kemur að tisku og klæðaburði,“ segir Elva Bjartey.

Hún fer í lausar leðurbuxur, skyrtu með töff munstri, „chunky“ hæla og síðan jakka þegar hún vill stela senunni og slá í gegn.

„Annars eru náttbuxurnar mínar í mestu dálæti í fataskápnunum, svo undur þægilegar,“ segir Elva Bjartey kímín.

Hennar besta tiskuráð er að nota belti til að móta mjaðmirnar betur.

„Ég man hins vegar ekki hver gaf mér þetta góða ráð. Auðvitað fær maður hugmyndir frá fræga fólkinu og vinkonum sínum en í raun á ég mér enga sérstaka tisku-fyrirmynd. Ég klæðist einfaldlega því sem mér þykir flott,“ segir Elva Bjartey.

Það eru helst flottir eyrnalokkar sem hún stenst ekki þegar hún kíkir í búðir.

„Nei, og ef ég sé fyrir mér flotta fatasamsetningu sem ég á heima og gæti passað við eyrnalokkana fer ég svo sannarlega ekki tómhent út úr búðinni,“ segir Elva og hlær. „Annars væri ég mest til í að fara í búðaráp með bresku ofurfyrirsætunni Cöru Delevingne en þó aðallega til að kynna henni því hún virkar mjög skemmtileg.“

Með öldu á rifbeinunum

Eftirlætis tiskuverslanir Elvu eru Vila, Vero Moda og Monki.

„Það nýjasta sem ég keypti er ljósbrún, kósi ullarpeysa með V-hálsmáli en það dýrasta sem ég hef nokkru sinni keypt mér er úlpan mín. Ég er litil merkjavörukona að eðlisfari og ef ég ætti að velja einn fatastíl liðinnar aldar til að klæðast það sem eftir væri ævinnar yrði



Frjálsleg í eldrauðum, viðum buxum við svartan, þykkan rúllukragabol. Leðurstigvél og svartur, síður jakki yfir. Með litíð gullhálsmen og eyrnalokka í stíl.



Elva Bjartey með kærastanum sínum, leikstjóranum og tónlistarmanninum Tómasi Welding. Þau vinna saman að tónlist og gáfu á dögunum út lagið Lifeline sem nú gerir það gott. Hér er lúkk Elvu chic og meira fint; víðar leðurbuxur með belti, hælaskór úr leðri, svart-og gráköflóttur bolur, ljós-brúnn síður jakki og trefill í stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það ætti án efa að banna “thigh-high uggs” í tiskuheiminum. Það eru lærahá, við loðstígvél sem krumpast upp og niður leggina. Hrein hörmung!

áratugurinn eftir 1990 örugglega fyrir valinu, þegar gallabuxur og skyrtur voru það vinsælasta að vera í,“ segir Elva sem skiptir oft um ilmvatn en notar nú Fantasy úr ilmvatnsgerð söngkonunnar Britney Spears.

„Af öllum þeim fötum sem ég á í förum mínum þykir mér vænst um risastóra hettupeysu sem ég saumaði sjálf, en mér líður best í síðum sumarkjól á heitum degi,“ segir Elva sem skartar líka tveimur fallegum húðflúrum.

„Ég er með litla öldu á rifbeinunum og bókstafinn B fyrir Bjartey á upphandlegg fyrir ofan olnboga,“ upplýsir Elva.

Hún er ekki í vafa um hvað ætti að banna í tiskuheiminum.

„Það er án efa „thigh-high uggs“ eða lærahá, við loðstígvél úr rúskinni sem krumpast upp og niður leggina. Hrein hörmung!“ segir hún hlæjandi en sjálf er hún hrifnust af köflóttu og blettatígursdoppum þegar kemur að uppáhaldsmunstri.

„En mér finnst að allar konur ættu að taka einn og einn dag þar sem þær klæðast nákvæmlega því sem þeim þykir þægilegast, eftir sínum eigin skoðunum og þá skín sjálfsöryggið í gegn.“

Nýtt lag þeirra Tómasar Welding, Lifeline, kom út í lok febrúar.

„Lagið er um ástarsamband sem er við það að klofna. Textinn er djúpur en lagið er up-beat og skemmtilegt og það er klárlega hægt að dilla sér við það. Lifeline hefur fengið frábærar viðtökur og það er rosalega gaman að fólk sé að taka vel í það. Þar sem við Tómas erum par er líka æðislegt að geta upplifað það allt með honum,“ segir Elva sem nýtur þess að lifa og læra sem nýliði í tónlistarsenunni.

„Tónlist er heillandi fag og ég hlakka til framhaldsins. Á næstunni koma út fleiri lög, bæði sóló og með Tómasi mínum Welding.“

ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT OG SPENNANDI



NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

belladonna

Verslunin Belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Elva Bjartey í neongulri peysu sem hún segir að sé stjarnan í þessari samsetningu. Elva parar peysuna við svartar cargo-buxur, belti og hvíta stigaskó. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



6.980
Stærðir 36-52



9.980
Stærðir 36-52



5.980
Stærðir 36-52



14.980
Stærðir 36-52

VOR 2020



8.980
Stærðir 36-52



9.980
Stærðir 36-52



13.980
Stærðir 36-52



17.980
Stærðir 36-52



21.980
Stærðir 36-52



6.980
Stærðir 36-52



7.980
Stærðir 36-52



5.980
Stærðir 36-52



9.980
Stærðir 36-52



20.980
Stærðir 36-52



11.980
Stærðir 36-52

hjá
Hjafnildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Breytti nafni sínu í Hugo Boss

Breski grínistinn Joe Lycett breytti nafni sínu í Hugo Boss til að mótmæla því að tiskurisinn hefði beitt sér gegn litlum fyrirtækjum sem hafa notað orðið „boss“ í vörumerkjum sínum.

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Joe Lycett tilkynnti þessa mótmælaaðgerð á Twitter-síðu sinni og lét fylgja mynd af skjali frá breskum yfirvöldum sem staðfestu að hann hefði breytt nafni sínu löglega og hét því núna Hugo Boss.

Boss er dagskrárgerðarmaður sem hefur komið fram í ýmsum breskum sjónvarpsþáttum og hann er með sinn eigin gamanþátt í bresku sjónvarpi þar sem hann fjallar um neytendavernd gagnvart stórfyrirtækjum á skoplegan hátt.

Boss sagðist hafa ákveðið að gera þessa breytingu til að mótmæla því að þýski tiskurisinn hefði skipt sér af litlum fyrirtækjum og hópum sem sinna góðgerðarmálum og hafa notað orðið „boss“ í starfsemi sinni.

Gerir grín að athyglinni

„Hugo Boss, sem er með um 2,7 milljarða dollara í árlegri veltu, hefur sent bréf þar sem fjölda lítilla fyrirtækja og hópa sem sinna góðgerðarstarfsemi og nota orðið „BOSS“ er hótad lögbanni, þar á

meðal litlu brugghúsi í Swansea sem þurfti að eyða þúsundum punda í lögfræðikostnað og breytingar á vörumerki,“ sagði Boss í tísti sínu. Hann bætti við:

„Það er ljóst að þeir hjá Hugo Boss HATA að fólk noti nafnið þeirra. En því miður fyrir þá breytti ég nafninu mínu löglega í þessari viku og heiti núna Hugo Boss. Allar yfirlýsingar mínar héðan í frá eru ekki frá Joe Lycett heldur Hugo Boss. Njótið vel.“

Tistin fengu strax mikla athygli og margir hrósuðu Boss fyrir að standa uppi í hárinu á stórfyrirtækinu.

Boss gerði seinna grín að allri fjölmiðlaathyglinni sem uppátækið fékk og því að hafa verið margoft beðinn um að senda frá sér yfirlýsingar vegna málsins.

„Ég ætla nú að gefa út nokkrar yfirlýsingar sem ég vona INNI-LEGA að enginn rugli saman við skoðanir fyrirtækisins Hugo Boss. Bara svo það sé á hreinu, þá eru þetta yfirlýsingar Hugo Boss, en ekki Hugo Boss,“ sagði hann í tísti.

Yfirlýsingarnar voru fjölbreyttar. Boss sagði að Hugo Boss hitaði fisk í örbylgju á skrifstofunni, Hugo Boss spyrdi alltaf „á hvaða prósentu ertu?“ þegar hann lánað hleðslutækið sitt, að Hugo Boss



Breski grínistinn hefur vakið mikla athygli með þessu uppátæki sínu og fengið mikla fjölmiðlaathygli í kjölfar þess.

MYND/GETTY

Hér sést nýja undirskriftin hans Hugo Boss. MYND/WIKIPEDIA

NÝTT Í LAXDAL

VANDAÐAR FISLÉTTAR HEILSÁRSYFIRHAFNIR



FUCHS SCHMITT
FEEL THE COMFORT

F Fylgið okkur á FB



Skipholti 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is



Stórstjörnur á tiskusýningu Boss á tiskuvikunni í Milanó. MYND/GETTY

væri með illa þefjandi afturenda, að Hugo Boss segði ekki „anyway“, heldur „anyhoo“, að Hugo Boss sturtaði ekki niður nema hann væri heima hjá sér og að Hugo Boss elskaði grínþætti fyrir neytendur þar sem barist er fyrir lítil fyrirtæki sem fá á sig hótanir um lögbann frá fjölþjóðlegum stórfyrirtækjum.

Vörumerki með aukna vernd

Þýski tiskurisinn hefur tjáð sig um uppátæki Boss. Talsmaður fyrirtækisins sagði í yfirlýsingu:

„Við bjóðum grínistann sem áður var þekktur sem Joe Lycett velkominn í Hugo Boss-fjölskylduna. Eins og hann veit, þá nýtur

Hugo Boss-vörumerkið aukinnar verndar vegna þess hversu vel þekkt það er, ekki bara gagnvart vörumerkjum fyrir svipaðar vörur, heldur einnig gagnvart vörum sem svipar ekki til okkar í öllum vöruflokkum og sú vernd nær líka til vörumerkjanna Boss og Boss Black og útlits þeirra.

Eftir að Boss Brewing sótti um að skrá vörumerki sem var svipað okkar eigin vel þekkta vörumerki nálgðumst við þá til að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning varðandi vörumerkin Boss og Boss Black, sem var verið að nota til að markaðssetja bjór og klæðnað.

Báðir aðilar unnu uppbyggilega saman að lausn, sem leyfir Boss

» Það er ljóst að þeir hjá Hugo Boss HATA að fólk noti nafnið þeirra. En því miður fyrir þá breytti ég nafninu mínu löglega í þessari viku og heiti núna Hugo Boss.

Brewing að halda áfram að nota nafnið sitt og allar sínar vörur, fyrir utan tvo bjóra, Boss Black og Boss Boss, þar sem samið var um smávægilega nafnabreytingu.

Sem viðsýnt fyrirtæki viljum við taka fram að við erum ekki mótfallin frjálsri notkun tungumáls á nokkurn hátt og samþykjum að fólk noti hið almenna orð „boss“ oft og á fjölbreyttan hátt í ólíkum tungumálum.“

Enginn ruglast á bjór og Boss

Samkvæmt WalesOnline þurfti Boss Brewing að greiða rúmlega 1,6 milljónir króna í lögfræðikostnað á síðasta ári eftir að Hugo Boss hótadi brugghúsinu lögbanni.

Grínistinn mætti í viðtal í bresku sjónvarpi í vikunni til að tjá sig um nafnabreytinguna þar sem hann sagði að hér væri risastórt fyrirtæki að takast á við lítið fyrirtæki og þetta væri bara ekki sanngjarnt. „Enginn er að fara að ruglast á bjór og Hugo Boss,“ sagði Boss.

20-50%

afsláttur af völdum vörum!

KRINGLUKAST - GLERARHLAUP!

Frábær tilboð dagana 5-9.mars

ZIK
TÍSKUHÚS



KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL



BUXUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 4.990
st. S-XXXL



TÚNIKA
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL



KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL



KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL



Afsláttur
5.000kr

ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 7.990
st.36-56



Afsláttur
5.000kr

ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 7.990
st.36-56



PEYSA
ÁÐUR 8.990
NÚ 6.990
st. 36-56



PEYSA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
st. XS-XXXL



TÚNIKA
ÁÐUR 6.990
NÚ 4.990
st. XS-XXXL

Cherry Berry
buxurnar komnar
Kr. 4.990.-
Str. 2-9 (ca 38/40-52)



7 litir
Gult • Svart • Dökkblátt • Brúnt
Drappað • Ljósgrátt • Grænt



 Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Fegurðarráð Evu Mendes

Bandarísk-kúbanska leikkon-
an og Íslandsvinurinn Eva
Mendes á 46 ára afmæli í dag.
Hún vakti fyrst athygli alheimsins
þegar hún lék á móti Densel Wash-
ington í kvikmyndinni Training
Day árið 2001 en fyrirsætuferillinn
hefur líka verið blómlegur þar sem
Eva hefur setið fyrir hjá Calvin
Klein, Cartier, Reebok, Pantene

» Eva ber alltaf á sig
andlitskrem með
strokum upp á við.

og fleirum. Þá hefur hún hannað
eigin fata- og snyrtivörulínur.
Ætla má að Eva eigi ljúfan
afmælisdag í vendum með sínum

heittelskaða, hjartaknúsanum
Ryan Gosling, og dætrum þeirra
tveimur, en parið dvaldi part úr
sumri á Íslandi árið 2013 þegar
Gosling vann að kvikmyndinni
How To Catch A Monster.
Eva þykir með fegurstu konum
heims og hefur verið örlát á sín
eigin fegurðarráð þegar kemur að
hraustlegu og fallegu útliti.

1. Til að viðhalda teygjanleika
húðar og varna hrukkmyndun
tekur Eva daglega inn omega-3
fitusýrur.

2. Eva elskar kókosolíu og notar
hana á andlit sitt, hár og líkama
til að halda góðum raka og varna
bakteríumyndun.

3. Eva er alltaf með vatnsflösku
meðferðis til að halda húðinni
ferskri og vel nærðri.

4. Dags daglega notar hún litinn
andlitsfarða til að vera sem
náttúrulegust í útliti og hreinsar
farðann af með blautum þvotta-
poka vættum með kókosolíu.

5. Á nokkurra vikna fresti djúp-
nærir Eva hárið með kókosolíu
sem hún nuddar í hárið. Hún setur
svo plasthettu yfir hárið og sefur
með olíuna í hárinu yfir nótt. Að
morgni skolar hún hárið vel og
útkoman er æðisleg.

6. Þegar Eva var þrettán ára fann
hún fyrst angan af ilmvatninu

Eva er 46 ára og kann ýmis ráð til að
viðhalda unglegu og fögru útliti.

Knowing frá Estée Lauder og
hefur notað það æ síðan.

7. Móðir Evu Mendes kenndi
henni að bera á sig andlitskrem
með strokum upp á við og strá
svolitlu barnapúðri í hárið til að
koma í veg fyrir feitan hársvörð,
sem og hún gerir. Hún kenndi
henni líka að bera krem á oln-
bogana en Eva sér enn eftir því að
hafa ekki gert það.

8. Eva fer í ræktina þrjá til fimm
daga í viku. Þar hleypur hún og
lyftir lóðum.

9. Prótin er uppistaðan í fæðu
Evu Mendes. Hún borðar egg á
ýmsa vegu í morgunmat og á
stærri matmálstímum er salat,
lax, kínoa eða hrisgrjón í uppá-
haldi.

10. Eva er sælgætisgrís en stillir
sætindunum í hóf þar sem þau
eru slæm fyrir húðina. Hún
þakkar heilnæmum lífsstíl og
hreyfingu að hún geti þó leyft sér
sætabrauðið af og til.

BORGARBÚAR

Við eigum aðeins
einn Laugaveg og einn miðbæ

Látum ekki gerræði borgaryfirvalda eyðileggja hann með víðtækum götulokunum
allt árið hvernig sem viðrar, gegn vilja afgerandi meirihluta rekstraraðila og íbúa.
Við viljum vera í miðbænum og halda áfram að þjónusta ykkur.
Án verslunar er ekkert mannlíf.
Við treystum á ykkar stuðning í baráttunni.

Aðgerðarhópurinn Björgum miðbænum.

 Opnum Laugavegin og Skólavörðustíginn

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Málarar

Málningarþjónusta S: 782-6034.

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggiltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD - NUDD
Úrvals nudd alla daga frá 14:30-22:00 í miðbæ Kópavogs, sími 888 6618 og 788 6609 Elisabet.

Húsaviðhald

**Rúnar múrari**
Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna. s. 780 2838.

**PROSTONE**
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og hústélög
519 7780
prostone@prostone.is

Keypt & Selt

Til sölu

**Kassagítarar á tilboði**
Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Ráfmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði
WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500
GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Heilsa

Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateple.com
Nudd, opið frá 10-20. Einnig um helgar S. 832 8863

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is

**S A F A R**

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins
Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

**HANDAFL**
STARFSMANNAVEITA
Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | Sími 419 9000 | info@handafl.is | handafl.is

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaþjónustuhús

**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**EYJALIND**
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata
**GRAMMER**

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**WORK NORTH**
HÚSARIF • JARÐVEGSVINNA
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN • MÚRBROT
Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

**Gæðamúr ehf.**
Gunnar Björn Jónsson
Löggiltur múrarmeistari
Sími: 845-4050
E-mail: gaedamur@gmail.com
Alhliða múrverk - Flísalagnir - Flotun - Steining

VP Múrari ehf

Flísalögn, múrviðgerðir og alhliða málningavinna innan og utanhús.
Parketlögn og fleira.
Leitaðu verðtilboða þér að kostnaðarlausu
Sími 766-3597 – vpmurari@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

Fasteignir



Eignasala.is
SÍMI 420 6070 • LEIGUMIDLUN SUBURNESJA • FASTEIGNASALA

Leirdalur 21, 260 Reykjanesbær
Nýjar 4. herbergja sérhæðir með stórri verönd,
með eða án bílskúrs.

Vandaðar fullbúnar eignir,
sem skilast með gólfefnum og tækjum.

BÚSTOÐ
þjófur betur!

OPÍÐ HÚS



SÖLUSÝNING Í DAG frá kl.17:15-18:00

Hagstæð seljendalán í boði

Júliús M. Steinþórsson Löggiltur fasteignasali 899-0555	Jóhannes Ellertsson Löggiltur fasteignasali 864-9677
---	--

Nánari upplýsingar á skrifstofu eða á eignasala@eignasala.is

SUMARHÚS TIL SÖLU

Hvalfjarðarsveit



6 glæsileg sumarhús, þrjú þeirra eru með 2 svítum

- Stærðir frá 78 - 86 fm.
- Með aðgang að hótelpjónustu
- Heitur pottur er við hvert hús
- Staðsett í Hvalfirði, stutt frá Reykjavík
- Tilvalið fyrir stéttarfélög eða fyrirtæki



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson, lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is sími: 775 1515

Verð: **Tilboð**

MIKLABORG

569 7000 • Lágmúla 4 • miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Tilkynningar



Sveitarfélagið ÁRBORG

Sveitarfélagið Árborg
Auglýsing um skipulagsmál.

Árbakki
Samkvæmt 1.málgrein 30. greinar og 1.málgrein 40. greinar skipulagslaga nr.123/2010 er hér kynnt lýsing á fyrirhugaðri breytingu aðalskipulags í Sveitarfélaginu Árborg og deiliskipulags Árbakka. Um er að ræða svæði sem afmarkast af Ölfusá í vestri, Laugardælum í austri, lóðunum Austurvegi 65 og 67 í suðri, og fyrirhugaðri legu Þjóðvegur 1 í norðri.

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér fyrirætlanir um að breyta atvinnusvæði í íbúðarsvæði, og að færa lóð fyrir leikskóla inn í mitt íbúðarsvæði.

Deiliskipulagsbreytingin felst í breytingu á gildandi deiliskipulagi og stækkun deiliskipulagsmarka með það í huga að fjölga íbúðum.

Deiliskipulag Móavegar 4 og Hellislands 36
Samkvæmt 1.málgrein 40. greinar skipulagslaga nr.123/2010 eru hér kynntar lýsingar á tveimur fyrirhuguðum deiliskipulögum í Sveitarfélaginu Árborg.

Um er að ræða annars vegar fyrirhugað deiliskipulag á lóðinni Móavegur 4, Selfossi, þar sem fyrirhugað er að reisa kirkju Kþólska safnaðarins á Suðurlandi. Lóðin markast af götunum Urðarmóa, Starmóa og þjónustuvegi fyrirhugaðrar hreinsistöðvar, og Ölfusá.

Hins vegar er um að ræða fyrirhugað deiliskipulag á lóðinni Hellisland 36, Selfossi, sem markast af lóðunum á Jarðri og á Hrefnutanga, og Ölfusá. Fyrirhugað er að deiliskipuleggja þrjár lóðir fyrir einbýlishús á svæðinu.

Skipulagslýsingarnar munu liggja frammi á skrifstofu Skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi, og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 á skrifstofutíma. Einnig er hægt að kynna sér lýsingarnar á heimasíðu Árborgar: <https://www.arborg.is>

Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sömu stöðum, en einnig á netfangið sigurdur.andres@arborg.is fyrir **23. mars** næstkomandi.

Virðingarfyllt,
Sigurður Andrés Þorvarðarson
skipulagsfulltrúi

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is